



## 401. fundur Þingvallanefndar

14. ágúst 2013

Fyrsti fundur nýskipaðrar Þingvallanefndar var haldinn miðvikudaginn 14. ágúst 2013 kl. 14.00 á nefndasviði Alþingis. Fundarmenn voru þingmennirnir Sigrún Magnúsdóttir, Haraldur Einarsson, Róbert Marshall, Birgir Ármannsson og Svandís Svavarsdóttir. Unnur Brá Konráðsdóttir sat fundinn símleiðis og Oddný G. Harðardóttir boðaði forföll.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Jónsdóttir ritari Þingvallanefndar og ritaði hún fundargerð.

Lögð var fram tilkynning frá Alþingi um kjör sjö alþingismanna í Þingvallanefnd þann 5. júlí 2013. Aðalmenn voru kjörnir; Birgir Ármannsson, Oddný G. Harðardóttir, Sigrún Magnúsdóttir, Unnur Brá Konráðsdóttir, Svandís Svavarsdóttir, Haraldur Einarsson, Róbert Marshall. Varamenn voru kjörnir; Ásmundur Friðriksson, Valgerður Bjarnadóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Elín Hirst, Steingrímur J. Sigfússon, Vigdís Hauksdóttir, Björt Ólafsdóttir.

Lagt var fram bréf frá forsætisráðherra sem skv. lögum 47/2004 skipar formann og varaformann úr hópi aðalmanna en nefndin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Forsætisráðherra skipar Sigrúnu Magnúsdóttur formann Þingvallanefndar og Birgir Ármannsson varaformann.

Formaður setti fund og stýrði:

### 1. Starfsemi þjóðgarðsins kynnt:

Þjóðgarðsvörður kynnti starfsemi þjóðgarðsins á Þingvöllum en þar er umfangsmikil starfsemi. Aðsókn ferðamanna hefur aukist gríðarlega undanfarin ár og starfsemi að sama skapi vaxið.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður hefur aðsetur í Reykjavík og á Þingvöllum ásamt Hrefnu Jónsdóttur. Fyrir austan starfa Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi, Guðrún St. Kristinsdóttir yfirlandvörður og Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir þjónustustjóri. Einar og Guðrún hafa starfað fyrir þjóðgarðinn í fjölda ára en Hrefna Sýlvía hóf störf vorið 2012.

Hakið, gestastofa. Sumarið 2010 var opnuð verslun á Hakinu sem hefur verið stækkuð í þremur þrepum vegna mikillar áskóknar, en gestastofan er opin allan ársins hring. Þjónustumiðstöðin á Leirunum er opin yfir sumartímann, frá maí fram í september. Yfir sumarið starfa 10 landverðir í þjóðgarðinum, 5 á hvorri vakt sem vinnur 7 daga í senn. Í verslununum tveimur starfa alls 5 manns á vöktum ásamt 2 sem sjá um þrif.

Fjárhagur þjóðgarðsins. Farið var stuttlega yfir fjárlög og tekjur þjóðgarðsins. Þjóðgarðurinn fær samkvæmt fjárlögum 130,4 mkr í rekstur, 2 mkr í viðhald og 104,8 til nýframkvæmda á

Þessu ári. Áætlað er að sértekjur þjóðgarðsins skili 62,9 mkr, greitt sé úr ríkissjóði 163,3 mkr og innheimt af ríkistekjum 11 mkr. Tekjur þjóðgarðsins skiptast í sértekjur og aðrar rekstrartekjur. Sértekjur eru sala á bókum og munum í búðum, veiðileyfi, gistigjald, salernisgjald, samningur við Veiðikortið ofl. Aðrar rekstrartekjur eru lóðarleiga á sumarhúsalóðum innan þjóðgarðsins. Nefndarmenn óskuðu eftir ítarlegri skiptingu á fjárhag þjóðgarðsins á næsta fundi ÞVN.

Helstu framkvæmdir innan þjóðgarðsins í sumar;

- Hakið. Millibygging við salernishús ásamt búnaði til að innheimta aðgangseyri, tenging á útsýnispalli við nýja göngubraut í Almannagjá (Kárastaðastíg), hlað sunnan gestastofu, hellulögn og fræðsluskilti.
- Öxarárfoss, kirkjugarðsstígur, skáldabekkir á þjóðargrafreitnum, handrið o.fl.
- Silfra, ýmsar framkvæmdir.

Fjárlagabeiðnir frá Forsætisráðuneytinu;

- Fjáraukafrumvarp 2013, uppbygging á Hakinu upp á kr. 130.000.000, bílaplan og undirbúningur að stækkun gestastofu.
- Fjárlagafrumvarp 2014, áætlun um uppbyggingu næstu þriggja ára innan þjóðgarðsins.

Óskað var eftir að skrifstofustjóri forsætisráðuneytisins komi fljótlega á fund ÞVN og geri grein fyrir fjárlagabeiðnum.

Þjóðgarðsvörður skýrði frá umsókn þjóðgarðsins í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða þar sem ÞP var synjað um styrk, sjá fundargerð nr. 399, lið 5. Óskað var eftir að úttektarreglur sjóðsins verði kynntar á fundi ÞVN og brugðist verði við með formlegum hætti.

Vinna að verndaráætlun innan þjóðgarðsins er hafin. Guðrún St. Kristinsdóttir yfirlandvörður heldur utan um það verk, en hún vann að umhverfisáætlun þjóðgarðsins.

Óskað var eftir að gert yrði faglegt yfirlit um umferð og átroðning ferðamanna innan þjóðgarðsins og álag á náttúru og umhverfi metið. Í dag styðst þjóðgarðurinn við umferðartölur frá Vegagerðinni, en í henni kom fram að umferð jókst um 85% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2012 og 2013. Talningar í Almannagjá hafa einnig verið gerð yfir ákveðin tímabil.

Ákveðið var að halda næsta fund 5. september á Þingvöllum. Birgir Ármannsson verður erlendis, en mun óska eftir að varamaður mæti.

Lilja Jónasdóttir, lögfræðingur mætti á fundinn kl. 15.10.

## **2. Erindi til Þingvallanefndar;**

Valhallarstígur nyrðri nr. 11.

Nafnabreyting á beiðni um að fallið sé frá forkaupsrétti að Valhallarstíg nyrðri nr. 11, dags. 31.5.2013. Einungis formbreyting.

Samþykkt með hefðbundnum skilmálum, sjá fyrri samþykkt í fundargerð 395.

Valhallarstígur nr. 13.

Beiðni um að ÞVN falli frá forkaupsrétti að Valhallarstíg nr. 13, dags. 18.6.2013. Lagt fram vinnugagn frá Lilju Jónasdóttur til ÞVN, dags. 13.8.2013.

Afgreiðslu frestað.

### 3. Húsnæðismál skrifstofu þjóðgarðsins.

Forsvarsmenn Alþingis og forsætisráðuneytisins hafa komið að máli við þjóðgarðsvörð um að möguleikar séu á hentugra húsnæði fyrir skrifstofur Þingvallanefndar.

Skrifstofa Þingvallanefndar er nú í aðeins einu herbergi inn á gangi eins þingflokks Alþingis. Í þessu herbergi sitja 2-3 starfsmenn og engin aðstaða er til að taka á móti öðrum starfsmönnum þjóðgarðsins né gestum sem eiga erindi við starfsmenn. Núverandi húsnæðisaðstaða hefur hamlandi áhrif gagnvart aðgengi almennings að starfsmönnum Þingvallanefndar og þar með nefndinni.

Þingvallanefnd telur brýnt að skrifstofa nefndarinnar fái húsnæði til frambúðar fyrir starfs- og fundaraðstöðu sína.

Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að kanna hjá viðkomandi ráðuneytum hvort fjárhagslegur stuðningur er fyrir hentugra leiguhúsnæði fyrir skrifstofu nefndarinnar.

Samþykkt.

### 4. Önnur mál.

Þyrluflug og annað útsýnisflug innan þjóðgarðsins hefur aukist jafnt og þétt sl. ár. Friðsæld er meðal grunngilda þjóðgarðsins og stöðugt vaxandi flugumferð hefur spillt þeim verðmætum.

Samþykkt var að nefndin kynni sér reglur um flugumferð yfir þjóðgöörðum og náttúruverndarsvæðum og ræði hvort tilefni sé til að útbúa skýrari reglur.

Hingað til hefur ÞVN í sérstökum tilfellum leyft lágflug og landingar vegna rannsókna og flutninga og eru þá valdir tímar þannig að sem minnstu raski valdi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.55.